

**TILMÆLI RÁÐSINS****frá 4. júní 1998****um bílastæðakort fyrir fatlaða(\*)**

(98/376/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 75. gr.,

sem hefur hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar að tilmælum,

sem hefur hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(1)</sup>,sem hefur hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,*og tekur tillit til eftirfarandi:*

- 1) Framkvæmdastjórnin hefur, í orðsendingu sinni um aðgerðaáætlun á sviði félagsmála til meðallangs tíma (1995-97), sem var lögð fyrir ráðið, Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina 12. apríl 1995, og einnig í skýrslu sinni frá 26. nóvember 1993 til ráðsins um ráðstafanir, sem gera þarf í bandalaginu til að bæta ferðamöguleika hreyfihamlaðra, mælt með gagnkvæmri viðurkenningu bílastæðakorta fyrir fatlaða sem yrðu gerð samkvæmt staðlaðri fyrirmynd bandalagsins.
- 2) Í anda ályktunar ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins 20. desember 1996, um möguleika fatlaðra til jafns við aðra, skulu allir fatlaðir eiga rétt á því að gerðar séu raunhæfar viðbótarráðstafanir sem miða að því að auka þátttöku þeirra í atvinnu- og félagslífi.

- 3) Fyrir margt fatlað fólk er annar flutningsmáti en notkun almenningssamgangna eina ráðið til að komast um af sjálfsdáðum vegna þátttöku í atvinnu- og félagslífi. Við vissar aðstæður og að teknu tilhlýðilegu tilliti til umferðaröryggis verður að teljast sanngjarn að fötluðu fólki sé gert kleift, með bílastæðakorti fyrir fatlaða, að leggja bifreiðum eins nærri ákvörðunarstað og unnt er. Þannig eiga fatlaðir að geta nýtt sér þá aðstöðu, sem bílastæðakortið veitir, alls staðar í bandalaginu í samræmi við innlendar reglur í því landi þar sem þeir eru staddir hverju sinni.
- 4) Bílastæðakort fyrir fatlaða geta heyrt undir héraðs- eða sveitarstjórnir og því er rétt að hafa samráð við svæðanefndina.
- 5) Í samræmi við dreifræðisregluna er rétt að bandalagið grípi til aðgerða til að efla skilning og gagnkvæma viðurkenningu á bílastæðakortum fyrir fatlaða og auðvelda frjálsa ferðir þeirra.
- 6) Æskilegt er að bílastæðakort fyrir fatlaða sé gert eftir staðlaðri fyrirmynd bandalagsins og sé viðurkennt gagnkvæmt af aðildarríkjunum.
- 7) Aðildarríkin skulu skilgreina fötlun og setja reglur um úthlutun bílastæðakorta til fatlaðra einstaklinga.
- 8) Æskilegt er að aðildarríkin geri sérstakar öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir falsanir eða eftirlíkingar af bílastæðakortinu.
- 9) Á Evrópuráðstefnu samgönguráðherra (EMCT) hefur nú þegar verið samþykkt ályktun þar sem hvatt er til að bílastæðakort fyrir fatlaða verði tekin upp og viðurkennd gagnkvæmt (ályktun ECMT frá 22. apríl 1997).
- 10) Láta ber korthöfum í té allar upplýsingar um skilyrði fyrir notkun kortanna í aðildarríkjunum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 167, 12.6.1998, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/98 frá 27. nóvember 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 174, 17. 6. 1996, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 42, 10. 2. 1997, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. desember 1996 (Stjtið. EB C 20, 20. 1. 1997, bls. 386), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. desember 1997 (Stjtið. EB C 62, 26. 2. 1998, bls. 4) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. mars 1998 (Stjtið. EB C 138, 4. 5. 1998).

LEGGUR TIL við aðildarríkin að þau:

1. taki upp bílastæðakort fyrir fatlaða sem eru gefin út þeim til handa í samræmi við innlend ákvæði hvers aðildarríkis og gerð eftir staðlaðri fyrirmynd bandalagsins, sem er lýst í viðaukanum, og nota má jafnhliða bílastæðakortum sem eru gefin út í aðildarríkjunum með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 5. mgr.;
2. viðurkenni, frá 1. janúar 1999, bílastæðakort fyrir fatlaða sem hvert og eitt aðildarríki gefur út í samræmi við staðlaða fyrirmynd bandalagsins svo að korthafar geti notið góðs af þeirri bílastæðaaðstöðu sem er fyrir hendi í aðildarríkinu þar sem þeir eru staddir hverju sinni;
3. úthluti bílastæðakortum til fólks sem er hreyfihamað vegna fötlunar sinnar;
4. láti í té, á grundvelli tæknilegs upplýsingablaðs, sem framkvæmdastjórnin lætur útbúa, yfirlit yfir notkunarskilyrði í mismunandi ríkjum Evrópusambandsins þegar bílastæðakort er gefið út handa fötluðum einstaklingi að beiðni hans;
5. geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að bílastæðakort fyrir fatlaða, eftir staðlaðri fyrirmynd bandalagsins, séu fánleg eigi síðar en 1. janúar árið 2000.  
  
Þrátt fyrir þessi tilmæli er heimilt að nota áfram kort eftir þeirri fyrirmynd, sem er í gildi fyrir 1. janúar 2000, fram yfir þann dag á landsvæði viðkomandi aðildarríkja þar til þeim er skipt út fyrir ný;
6. upplýsi framkvæmdastjórnina, fyrir 1. júlí 2000, um ráðstafanir sem eru gerðar til að fylgja þessum tilmælum eftir.

Gjört í Lúxemborg 4. júní 1998.

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. BLUNKETT

*forseti.*

## VIÐAUKI

**Ákvæði um bílastæðakort fyrir fatlaða eftir fyrirmynd bandalagsins**

- A. Málín á bílastæðakorti fyrir fatlaða eftir fyrirmynd bandalagsins skulu vera:
- lengd: 106 mm,
  - breidd: 148 mm.
- B. Bílastæðakortið skal vera ljósblátt að lit, að undanskildu hvíta táknu fyrir hjólastólanotendur, á dökkbláum grunni.
- C. Bílastæðakort fyrir fatlaða eiga að vera plasthúðuð, nema á þeim stað sem er ætlaður fyrir undirskrift korthafans vinstra megin á bakhliðinni.
- D. Bílastæðakorti fyrir fatlaða skal skipta lóðrétt í tvo hluta, bæði að framan- og aftanverðu.

Vinstra megin að framanverðu skal vera:

- táknið fyrir mann í hjólastól, hvítt á dökkbláum grunni,
- dagsetningin þegar bílastæðakortið fellur úr gildi,
- raðnúmer bílastæðakortsins,
- heiti og stimpill útgáfufirvalds eða -stofnunar.

Hægra megin að framanverðu skulu vera:

- orðin „Bílastæðakort fyrir fatlaða“ í hástöfum á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem gefur kortið út. Eftir hæfilegt bil kemur orðið „Bílastæðakort“ með smáu lettri á öðrum tungumálum Evrópusambandsins,
- áletrunin „Að fyrirmynd Evrópubandalaganna“ á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem gefur út kortið,
- sem bakgrunnur, einkennisstafir aðildarríkisins sem gefur út kortið:

B: Belgía  
DK: Danmörk  
D: Þýskaland  
EL: Grikkland  
E: Spánn  
F: Frakkland  
IRL: Írland  
I: Ítalía  
L: Lúxembúrg  
NL: Holland  
A: Austurríki  
P: Portúgal  
FIN: Finnland  
S: Svíþjóð  
UK: Breska konungsríkið

umkringt stjórnunum 12 sem tákna Evrópusambandið.

Vinstra megin á bakhliðinni skal vera:

1. kenninafn korthafa;
2. eiginnafn eða -nöfn korthafa;
3. undirskrift korthafa eða annað leyfilegt merki, ef landslög leyfa;
4. ljósmynd af korthafa.

Hægra megin á bakhliðinni skal vera:

1. áritunin:

„Þetta kort heimilar korthafa að nota sérstaka aðstöðu til að leggja bifreið í aðildarríkinu þar sem hann er staddur“;

2. áritunin:

„Þegar kortið er í notkun á að stilla því upp fremst í ökutækinu á þann hátt að framhliðin sjáist vel við eftirlit“.

- E. Áritanir í bílastæðakortinu skulu vera á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins, sem gefur það út, að frátöldum hægri hluta framhliðarinnar.

Ef aðildarríki æskir þess að hafa áritanir á öðru tungumáli en eftirtöldum tungumálum: dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku eða þýsku skal það útbúa tvítyngda útgáfu af kortinu þar sem eitthvert af áður nefndum tungumálum er notað, með fyrirvara um önnur ákvæði þessa viðauka.